



9. fundur stjórnar SSA 14. maí 2018

Fundurinn hófst kl. 12:30 í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum.

Boðið var upp á léttar veitingar í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir Sigrún Blöndal, Jens Garðar Helgason, Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir og Stefán Grímur Rafnsson. Auk þess mættu Svandís Ingólfssdóttir varamaður Hákonar Hanssonar og Jakob Sigurðsson varamaður Margrétar Guðjónsdóttur.

Sigrún Blöndal formaður stýrði fundi. Hún setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 8. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og samgöngunefndar SSA frá 4. maí til kynningar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 305), SSNV (18. apríl), SASS (nr. 531.), SSS (730), SSH (456) og FV (20. apríl, 30. apríl og 2. maí). Fundargerð aðalfundar SSV 2018.
- 1.3. Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. apríl 2018.
- 1.4. Fundargerð 44. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins 26. mars 2018.
- 1.5. Bréf frá LSR um skiptingu á lífeyrisskuldbindingum vegna Skipulagsstofu Austurlands lagt fram til kynningar.

2. Fjárhagsáætlun 2018

Farið yfir stöðu fjármála SSA mv. fjárhagsáætlun fyrir árið.

3. Bréf frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti 20. apríl 2018

Ábendingar um áherslur í upphafi endurskoðunar á áætlun stjórnvalda í ferðamálum.

4. Starfshópur um geðheilbrigðismál

Frá Aðalfundi SSA 2017: „Aðalfundurinn beinir því til stjórnar SSA að sett verði á laggirnar starfshópur sem komi með tillögur að því með hvaða hætti ríki og sveitarfélög geti eftt geðheilbrigðisþjónustu á Austurlandi“.

5. Þjónustukönnun Austurlands unnin af Byggðastofnun

Farið yfir könnunina.

6. Almenningsamgöngur

- 6.1. Fundur í samgönguráðuneytinu 30. maí þar sem dómsmál við Sternu verður kynnt.
- 6.2. SVAust: Staða verkefnisins.

7. Önnur mál.

- 7.1. Ársfundur Byggðastofnunar. Formaður og verkefnisstjóri gera grein fyrir umræðum á fundinum.
- 7.2. Atvinnulífskygning/Starfamessa: Kynnt boð frá VMS um starfsmann sem ynni með verkefnisstjóra frá Ungu Austurlandi.
- 7.3. Menningarfulltrúar landshlutanna í heimsókn.
- 7.4. Dagsetning næsta fundar.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 8. fundi stjórnar SSA 2017-2018 var lögð fram til staðfestingar og fundargerð samgöngunefndar SSA frá 4. maí lögð fram til kynningar.
- 1.1 Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 305), SSNV (18. apríl), SASS (nr. 531.), SSS (730), SSH (456) og FV (20. apríl, 30. apríl og 2. maí) ásamt fundargerð aðalfundar SSV 2018 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.2 Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 27. apríl 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.3 Fundargerð 44. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins 26. mars 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.4 Bréf frá LSR um skiptingu á lífeyrisskuldbindingum vegna Skipulagsstofu Austurlands var lagt fram til kynningar.

2 Fjárhagsáætlun 2018

Rætt var um að fá framkvæmdastjóra Austurbrúar á næsta fund þar sem kynntur verður ársreikningur 2017 og farið yfir stöðu fjármála 2018.

3 Bréf frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti 20. apríl 2018

Farið var yfir bréfið þar sem beðið er um ábendingar um áherslur í upphafi endurskoðunar á áætlun stjórnvalda í ferðamálum. Samþykkt var að fela formanni og verkefnastjóra að svara bréfinu eftir að hafa rætt við markaðssvið Austurbrúar. Stjórnarmenn hafa tækifæri til að senda svör innan 2 daga.

4 Starfshópur um geðheilbrigðismál

Á aðalfundi SSA 2017 var eftirfarandi ályktun samþykkt: „Aðalfundurinn beinir því til stjórnar SSA að settur verði á laggirnar starfshópur sem komi með tillögur að því með hvaða hætti ríki og sveitarfélög geti eftt geðheilbrigðisþjónustu á Austurlandi“.

Samþykkt var að kalla eftir aðilum í hópinn frá HSA, ME, VA, Rauða krossinum og 1 frá hvoru félagsþjónustusvæði. Eydís Ásbjörnsdóttir mun sitja í hópnum fyrir hönd stjórnarinnar. Verkefnastjóri mun kalla hópinn saman til fundar.

5 Þjónustukönnun Austurlands unnin af Byggðastofnun

Farið var yfir könnunina. Stjórn lýsir ánægju sinni yfir þessu verkefni og vonar að hún verði nýtt til byggðaþróunar.

6 Almenningsamgöngur

- 6.1 Formaður sagði frá að hún ásamt Hilmarí Gunnlaugssyni lögmanni, verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála og lögmanni frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fari í samgönguráðuneytið 30. maí þar sem staðan í dómsmáli Sternu gegn SSA verður kynnt.
- 6.2 SVAust: Sagt var frá að SVAust sé tekið til starfa. Gerður var samningur við Austurbrú og þar hefur verið ráðinn verkefnastjóri. Stjórn samþykkir að verkefnastjóri sveitarstjórnarmála muni taka sæti í stjórn SVAust í stað formanns sem hefur setið frá því að fyrrverandi verkefnastjóri hætti störfum.

7 Önnur mál.

- 7.1 Ársfundur Byggðastofnunar. Formaður og verkefnisstjóri gerðu grein fyrir umræðum á fundinum.
- 7.2 Atvinnulífskygning/Starfamesa: Kynnt var boð frá VMS um starfsmann sem ynni með verkefnisstjóra frá Ungu Austurlandi. Stjórn tók vel í erindi VMS og fól verkefnisstjóra að ganga frá samningi.
- 7.3 Sagt var frá að menningarfulltrúar landshlutasamtakanna verði hér í heimsókn 30. maí og að SSA býður í hádegisverð.
- 7.4 Dagsetning næsta fundar. Ákveðið var að halda næsta fund 4. júní á Reyðarfirði.
- 7.5 Formaður sagði frá bréfi frá framkvæmdaráði Héraðsnefndar Þingeyinga um erindi frá SSA varðandi hálendisveg þar sem tilkynnt er að erindinu hafi verið vísað til fulltrúaráðs HNP sem mun funda í júnílok.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 14:30.

Andrés Skúlason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Jakob Sigurðsson

Jens Garðar Helgason

Sigrún Blöndal

Stefán Grímur Rafnsson

Svandís Ingólfssdóttir